

HANDBÓK STARFSFÓLKs

LEIÐARVÍSIR OG GAGNLEGAR UPPLÝSINGAR
FYRIR VETTVANGSSTARF FÉLAGSMIÐSTÖÐVA

HVAÐ ER VETTVANGSSTARF?

Félagsmiðstöðvar sinna reglulega vettvangsstarfi innan og utan opnunartíma félagsmiðstöðva í þeim tilgangi að hlúa að verndandi þáttum og lágmarka áhrif áhættuþátta í umhverfi unglunga með það að markmiði að styrkja félagslega stöðu unglunga og skapa þeim aðstæður þar sem þeir geta notið æsku sinnar í öruggu umhverfi (Reglur um þjónustu félagsmiðstöðva, 2020).

Vettvangsstarf er mikilvægt fyrir hverja félagsmiðstöð til að kortleggja unglingahópin og fá rétta sýn á t.d. fjölda þeirra sem eru úti eftir að útivistartíma lýkur, ekki eru virk í skipulögðu frístundastarfi, eru hætt að mæta í skólann og/eða farin að sýna áhættuhegðun. Vettvangsstarf er skipulagt í kringum stærri viðburði, svo sem Menningarnótt, 17. júní, Reykjavík Pride, tónlistarhátíðir og fleira tilfallandi. Vettvangsstarf í hverfum getur farið fram hvenær sem hentar og eins oft og þörf er talin á. Deildarstjóri og forstöðumenn fara með yfirumsjón með skipulagi og framkvæmd vettvangsstarfsins en allt starfsfólk hefur möguleika á að taka þátt.



AF HVERJU ERUM VIÐ MEÐ VETTVANGSSTARF?

Vettvangsstarf er mikilvægur hluti af því forvarnarstarfi sem frístundamiðstöðvum ber að sinna samkvæmt starfsskrá frístundamiðstöðva (2015) en þar kemur fram að í frístundastarfinu eigi að hlúa að verndandi þáttum og lágmarka áhrif áhættuþátta í umhverfi unglunga.

Einnig er með vettvangsstarfi verið að vinna að fyrstu grein laga um félagsþjónustu sveitarfélaga (nr. 40/1991) en eitt af markmiðum þar er að tryggja þroskavænleg uppeldisskilyrði barna og ungmenna.

Stuðningur - Sýnilegir starfsmenn sem eru til staðar fyrir unglunga.

Upplýsingaöflun - Kortleggja hvar unglingar eru og hvað þeir eru að gera eftir að útivistartíma lýkur.

Þjálfun starfsmanna - Starfsmenn öðlist færni sem nýtist t.d. í sértæku hópastarfi félagsmiðstöðva.

Virkja unglunga til þátttöku - að koma þeim í uppbyggilega félagslega virkni.

Fyrirbyggja og bregðast við áhættuhegðun - kenna unglungum að hafa stjórn á tilfinningum sínum og taka þátt í samfélaginu.

Flestir unglingar búa við gott félagslegt taumhald og aðhald heima fyrir þar sem þeir eiga og þurfa að fara eftir lögbundnum útivistartíma. Félagsmiðstöðvar nýta vettvangsstarfið m.a. til að ná til þeirra sem búa ekki svo vel. Vettvangsstarfið hefur jákvæð áhrif á hverfisbraginn og það félagslega umhverfi sem börn og unglingar búa við. Þegar starfsfólk er til staðar fyrir unglunga sem á þurfa að halda getur það enn frekar veitt þeim stuðning. Markmið með vettvangsstarfi félagsmiðstöðva er að það hafi fyrirbyggjandi áhrif, komi í veg fyrir aðstæður sem ógna öryggi barna og unglunga og er forvörn gegn óæskilegri hópamyndun unglunga, notkun vímuefna, einelti og ofbeldi. Það veitir unglungum öryggi að vita af félagsmiðstöðvastarfsfólki á vettvangi.

Með vettvangsstarfi er leitast við að tengjast unglungum sem sýna áhættuhegðun, styðja þau og leiðbeina þeim. Reynt er að tengja þá við rétta fagaðila með samþykki foreldra og hjálpa þeim að leita sér hjálpar. Tilgangur vettvangsstarfsins er að sporna við aukinni neyslu unglunga, alvarlegum hegðunarvanda, lítilli félagslegri virkni, slakri samskiptafærni, skorti á fyrirmyndum í fullorðnum, að ofbeldi fái að viðgangast, kæruleysi í kynhegðun, óæskilegri hópamyndun unglunga, skorti á þekkingu á heilbrigðum lífsstíl, skorti á félagslegu taumhaldi forsýraðila, vanlíðan og tilkynna eða upplýsa Barnavernd um slæmar heimilisaðstæður og uppeldisskilyrði.

Upplýsingaöflun um stöðu hverfisins í heild sinni er mikilvægur þáttur í vettvangsstarfinu. Með góðri yfirsýn er auðveldara að kortleggja stöðuna og vinna markvisst að forvörnum, stuðningi og að ná til þeirra sem ekki eru virkir í starfi félagsmiðstöðvanna. Skýrsla vettvangsstarfs og stöðufundir með öðrum uppeldisaðilum í borginni eru mikilvæg verkfæri í þessari vinnu.

SKIPULAG

Hver frístundamiðstöð heldur úti vettvangsstarfi fyrir sitt hverfi og skipuleggur vaktir fyrir starfsfólk. Í hverri frístundamiðstöð eru það deildarstjórar og forstöðumenn sem halda utan um skráningaskjöl vakta og tryggja að þær séu mannaðar. Skipulag vettvangsstarfsins og skráningar á vaktir getur verið mismunandi eftir hverfum en vettvangsstarf félagsmiðstöðvanna er oftast nær á föstudagskvöldum frá lokun félagsmiðstöðva til miðnættis eða lengur eftir þörfum. Einnig eru tilfallandi vettvangsstarfs- eða miðbæjarathvarfsvaktir skipulagðar ef sérstakir viðburðir eru í hverfinu sem gætu aukið líkur á hópamyndunum unglunga.

Þjálfun starfsfólks fer fram í gegnum fræðslu um vettvangsstarf í hverri frístundamiðstöð, kynningu á verkferlum og í samskiptum við unglunga á almennum opnunum félagsmiðstöðva.

Í vettvangsstarfi er farið á milli staða þar sem algengt er að unglingar hópi sig saman og staðan tekin á hverjum stað. Best er að starfsfólk í félagsmiðstöðvum viðkomandi hverfis geri lista yfir staði sem vettvangsstarfið kíkir alltaf á. Ef starfsfólk hefur fengið ábendingar um að unglingarnir ætli að hópa sig saman einhversstaðar er líka rölt þangað. Ef aðstæður kalla á að starfsfólk verði lengur á vettvangi lengist vaktin. Á miðbæjarathvarfsvöktum er starfsfólki leiðbeint hverju sinni hvert skal fara og hvar skal vera.

Við lok hvernar vaktar skal skrá helstu atburði kvöldsins í skýrslu sem skila skal til deildarstjóra unglingastarfs. Skýrsluna er t.d. hægt að setja upp í gegnum skráningahlekk netinu sem þykir einkar þægilegt því þá getur starfsfólk nýtt vinnusíma til að fylla út skýrslurnar. Ef hentar betur að hafa skýrslurnar ápreifanlegar þarf að koma upp verkferlum um hvar skuli geyma þær og passa að starfsfólk hafi aðgang að þeim stað þegar skila á skýrslunum í lok vaktar. Mikilvægt er að upplýsa alla um að gæta þess að skrá ekki niður nöfn eða aðrar persónugreinanlegar upplýsingar barna eða unglunga í skýrsluna eða í önnur skjöl. Engar persónugreinanlegar upplýsingar skulu vera skráðar vegna þess starfs sem fram fer í vettvangsstarfinu. Skýrsluna ber að varðveita til samræmis við lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og skjalavistunaráætlun frístundamiðstöðva.



HUGMYND AÐ VAKTASKIPULAGI

Eins og áður sagði hefur hver frístundamiðstöð mismunandi skipulag og utanumhald á vöktunum. Hér má sjá dæmi að vaktaplani sem dreift var í gegnum aðgangsstýrt/læst google sheets skjal með öllum vöktum sem stóðu starfsfólki til boða. Í vaktaskipulaginu skulu einungis koma fram dagsetningar og nöfn þeirra starfsmanna sem hafa samþykkt að taka þátt í starfinu. Hlekkurinn er sendur á starfsfólki þar sem það getur skráð sig á vaktir sem því hentar best. Forstöðumenn félagsmiðstöðva hverfisins sjá til þess að hópurinn sem er saman á vakt sé blanda úr félagsmiðstöðvunum hverfisins, svo þau sem eru saman á vakt þekki sem flesta unglinga. Í þessu skjali er einnig slóð á skýrslu sem fólk getur skilað inn í lok vaktar í gegnum google forms. Mikilvægt er að skrá dagsetningu, tímasetningu og upplýsingar um vaktina t.d. hvort þetta sé almenn vettvangsvakt, vakt á viðburði eða athvarfsvakt. Mikilvægt er að starfsfólk hafi í huga að ekki eru skráðar persónugreinanlegar upplýsingar í skýrsluna heldur einungis athuganir og samantekt á þeim atburðum sem komu upp á vaktinni.

Leitarstarfsvakt FÖSTUDAGURINN 6. SEPTEMBER KL. 22:00-01:00	Leitarstarfsvakt FÖSTUDAGURINN 13. SEPTEMBER KL. 22:00-01:00	Leitarstarfsvakt FÖSTUDAGURINN 20. SEPTEMBER KL. 22:00-01:00	Leitarstarfsvakt FÖSTUDAGURINN 20. SEPTEMBER KL. 22:00-01:00
Nafn, félagsmiðstöð, símanr og netfang:	Nafn, félagsmiðstöð, símanr og netfang:	Nafn, félagsmiðstöð, símanr og netfang:	Nafn, félagsmiðstöð, símanr og netfang:

VERKLAG Á VAKT:

- Mikilvægt að starfsfólk sé í merktum vestum.
- Rölt er um svæðið (hægt og rólega til að fólk upplifi að það sé auðvelt að gefa sig á tal við ykkur, að þið séuð ekki á leiðinni neitt).
- Skimað eftir óæskilegri hegðun og hópamyndun unglinga (sérstaklega undir 16 ára).
- Ef þið rekist á unglinga/ unglingshópa má endilega gefa sig á tal við þau á vinalegan hátt. Upplýsingar sem væri gott að reyna að komast að eru t.d. hvaðan þau eru, hvaða félagsmiðstöð þau tilheyrja og jafnvel hvar þau hafi verið, hvert þau eru að fara (til að kortleggja hvort eitthvað sé í gangi sem vert væri að tékka betur á). Þið getið sagt þeim frá því að ykkar hlutverk sé að stuðla að vellíðan og öryggi unglinga og að þau megi ræða við ykkur ef þau hafi áhyggjur af einhverjum eða viti af einhverjum í vanda. Að lokum má benda þeim á að útivistartíminn sé liðinn og spyrja hvort þau séu ekki á heimleið.
- Séu unglingar að neyta áfengis/vímuefna eða að sýna óæskilega/ólöglega hegðun skal hringja á lögreglu.
- Komi eitthvað upp á vaktinni, t.d. slagsmál eða vímuefnaneysla skal kalla strax til lögreglu (auðvitað líka varðandi fullorðna ef eitthvað ólöglegt er um að ræða).
- Starfsmenn hafa ekki inngripsvald, heldur skulu einungis beita samskiptafærni sinni.
- Starfsmenn huga að öryggi sínu í hvívetna og dragi sig úr óöruggum aðstæðum.
- Stundum er um miðbæjarathvarfsvakt að ræða og þá erum við í sérstöku samstarfi við lögreglu og velferðarsvið. Þið verðið látin sérstaklega vita ef um slíka vakt er að ræða.
- Við lok hvernar vaktar skal skrá helstu atburði kvöldsins í skýrslu eftirfarandi slóð:


(SLÓÐ Á SKÝRSLUFORM MÆTTI SETJA HÉR)

VERKFERLAR OG VERKLAG



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Útívakttir



Mikilvægt er að starfsmenn vinni úr alvarlegum atburðum sem átt geta sér stað á útívakt. Æskilegt er að kalla eftir aðstoð sérfræðings ef um slíkt er að ræða og skal það gert í samráði við deildarstjóra.

HVAÐ GERI ÉG Á VÖKTUM?

Starfsfólkið sem er í vettvangsstarfi hittist á fyrirfram ákveðnum stað þar sem sótt eru vesti, vinnusími, úlpur og/eða þeir hlutir sem starfsfólk þarf á að halda fyrir vaktina. Gott getur verið að upplýsa lögreglu um að vaktin sé að hefjast svo þau séu meðvituð um starfsfólkið á röltinu. Hlutverk starfsfólksins á vakt er að röлта um hverfið á þá staði sem unglingar safnast helst á, skima eftir óæskilegri hópamyndun (sérstaklega undir 16 ára aldri).

Pegar starfsfólk hittir unglingahóp tekur það stöðuna á þeim og kannar í hvernig ástandi unglingarnir eru, gefa sig á tal við þá, spjalla, benda þeim vinsamlega á að útivistartíminn er liðinn og hvetja þau til að fara heim. Ef unglingarnir virðast ekki vera á leið heim eða eru undir áhrifum áfengis eða vímuefna er næsta skref starfsfólksins að láta lögregluna vita. Ef þetta eru unglingar sem starfsfólkið þekkir eða veit í hvaða félagsmiðstöð þeir sækja, er mikilvægt að láta forstöðumann í viðkomandi félagsmiðstöð vita næsta virka dag. Forstöðumaður í samráði við deildarstjóra metur hvort tilefni er til að hringja í foreldra til þess að upplýsa um málið og/eða hvort tilkynna þarf formlega til barnaverndar..

Ef starfsfólk verður vitni að eða grunar ólöglegt athæfi er mjög mikilvægt að tilkynna til viðeigandi aðila s.s. ofbeldi, slagsmál eða vímuefnaneyslu skal kalla til lögreglu. Starfsfólk er ekki með inngripsvald, heldur skulu einungis beita samskiptafærni sinni. Við megum ekki grípa inn í slagsmál, taka af unglingum áfengi eða eigur þeirra, skerða frelsi þeirra á neinn hátt eða meina þeim að fara þegar þau vilja. Starfsfólk verður að vera meðvitað um hlutverk sitt og valdastöðu og aldrei gera neitt sem ekki er í starfslýsingu. Starfsmenn skulu huga að öryggi í hvívetna og draga sig úr óöruggum aðstæðum.

Aðgát skal höfð í nærveru sálar og ávallt haldinn trúnaður um þau mál sem koma upp alveg eins og í almennu félagsmiðstöðvastarfi. Ekki skal ræða málefni þeirra einstaklinga eða atvik sem þið verðið vitni að á röltinu við óviðkomandi aðila. Ef alvarleg atvik koma upp skal tilkynna til foreldra, barnaverndar og/eða lögreglu. Börn og unglingar eiga alltaf rétt á því að einkalíf þeirra sé virt. Ekki skal taka myndir af börnum og unglingum í vettvangsstarfi..

Pegar starfsfólk hefur tekið stöðuna á hverfinu, allir staðir skoðaðir og starfsfólk telur að staðan í hverfinu sé góð er vaktinni lokið. Við lok hvernar vaktar skal skrá helstu atburði kvöldsins í skýrslu. Í hana er gott að skrifa hvort hópurinn hafi rekist á unglinga, hvar og hvenær og hvort eitthvað markvert hafi átt sér stað. Einnig er gott að skrá hvort einhver staður hafi fundist sem vert er að fylgjast með eða annað sem næsti hópur þarf að hafa í huga. Ef eitthvað kemur upp í vettvangsstarfi er mikilvægt að leggja á minnið nöfn unglinganna í stað þess að skrifa þau niður og hafa samband við forstöðumann viðeigandi félagsmiðstöðvar næsta vinnudag svo þau geti látið foreldra vita. Mikilvægt er að gæta þess að skrá ekki niður nöfn eða aðrar persónugreinanlegar upplýsingar barna eða unglinga í skýrsluna. (Sjá hugmynd að skýrslu).

Athvarfsvaktir eru annarskonar vettvangsstarf sem er unnið í samstarfi við lögreglu og velferðarsvið borgarinnar, t.d. á stórum viðburðum eins og 17. júní, menningarnótt eða tónlistarhátíðum. Þar er félagsmiðstöðvastarfsfólk fengið til að röлта í teymi með lögreglu og félagsráðgjafa frá þjónustumiðstöðvunum. Á þeim vöktum fylgir starfsfólkið fyrirmælum lögreglu og er hún ein með inngripsvald. Ef lögreglan þarf að grípa inn í aðstæður eins og slagsmál, hell niður áfengi eða hafa afskipti af einhverjum er mikilvægt að starfsfólk sé vakandi fyrir öðrum unglingum og rói t.d. vini þeirra sem er verið að tala við, svari spurningum þeirra sem eru á staðnum eða biðji fólk um að hætta að taka upp ef einhver er með símann á lofti.

HUGMYND AÐ SKÝRSLU

DAGSETNING VAKTAR:

(T.d. vakt hófst og lauk 1.desember kl 22:00-01:00.)

HVERJIR VORU Á VAKT:

(nöfn og félagsmiðstöð.)

STUTT LÝSING Á GÖNGULEIÐ:

(Nefna hvar vaktin byrjaði, hvaða götur voru gengnar, hvaða svæði/staðir voru heimsóttir og hvar endaði vaktin.)

STAÐAN Í HVERFINU, HVERSU MARGA UNGLINGA HITTUÐ ÞIÐ, KLUKKAN HVAÐ OG HVAR?:

(Mikilvægt að vera nákvæmur.)

PUNKTAR EFTIR VAKTINA:

(t.d. Ykkar upplifun, áhyggjur, hvað sáuð/heyrðuð þið, hvað gerðist, þurftuð þið að hafa afskipti af unglingum/aðstæðum?)

SAMSKIPTI VIÐ LÖGREGLU/BARNAVERND/AÐRA:


(Skrá hvort hringt hafi verið í lögreglu eða aðrar stofnanir.)

HVERJU ÞARF AÐ HUGA AÐ? ÞARF AÐ HAFA SAMBAND VIÐ EINHVERN Á MORGUN EÐA NÆSTA VIRKA DAG?:

(t.d. forstöðumann félagsmiðstöðvar, foreldra eða einhvern annan.)

ANNÆÐ SEM ÞIÐ VILJIÐ SKRÁ?

(Dæmi: teymið frétti af tónleikum í Hörpu þar sem margir unglingar áttu miða. Ákveðið var að kíkja þangað fyrst og taka stöðuna og hvort þar væri einhver drykkja).



HVERFISSKIPTING REYKJAVÍKUR

Mikilvægt er að hvert hverfi geri lista yfir staði sem alltaf er farið er á í vettvangsstarfi. Starfsfólk þarf að hafa aðgang að listanum á hverri vakt. Undirgöng, leikvellir, skólalóðir, almenningsgarðar, sjoppur, verslunarkjarnar, húsasund eða hvaða staður sem starfsfólk veit af eða þykir líklegt að unglingar myndu hópa sig saman eiga heima á listanum. Hvert hverfi er ólíkt og því erfitt að gera staðlaðan lista fyrir öll hverfi. Þessi listi er lifandi og alltaf mismunandi hverju sinni hvaða staðir eru vinsælastir. Gott er að uppfæra listann reglulega ef þörf þykir.

GAGNLEGAR UPPLÝSINGAR OG GÓÐ RÁÐ

Hvað eruð þið að gera?

Fólk sem verður á vegi félagsmiðstöðvarstarfsfólks í vettvangsstarfi verður oft forvitið um hvað er verið að gera. Gott svar við þessari spurningu er að við erum starfsfólk á vegum félagsmiðstöðva Reykjavíkur og erum að rölta um hverfið til að kanna stöðuna á börnum og unglingum og tryggja vellíðan og öryggi. Yfirleitt vekur það góð viðbrögð og fólk verður ánægt með að félagsmiðstöðvastarfsfólk sé til staðar fyrir unglingana.

Öryggi þitt er mikilvægt

Aldrei ganga inn í aðstæður sem þú treystir þér ekki í. Þú verður að gæta öryggis og passa upp á þig í öllum aðstæðum. Hins vegar getur þú hringt í lögreglu ef þú hefur áhyggjur eða vilt láta athuga aðstæður.

Lögboðinn útivistartími:

Börn, 12 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 20.00 nema í fylgd með fullorðnum. Börn, sem eru á aldrinum 13 til 16 ára, skulu ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22.00, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Á tímabilinu 1. maí til 1. september lengist útivistartími barna um tvær klukkustundir. Þessi lög miðast við fæðingarár en ekki fæðingardag.

Góður ísbrjótur ef maður þarf að gefa sig á tal við hóp:

Þegar þú nálgast hópinn skaltu reyna að átta þig á hver er leiðtoginn í hópnum. Svo þegar þú kemur að hópnum er gott að segja „Hæ, vá ég kannast svo við þig, hvað heitir þú aftur? Í hvaða skóla ertu?“

Þá upphefst yfirleitt vinalegt spjall um hvernig þið gætuð þekkt. Einnig byggir þetta upp traust og næst þegar þú mætir hópnum ertu með nöfn og tengingu við þau.

Hljá og vinsemd:

Gott er að labba hægt og rólega svo fólk finni fyrir því að þau megi gefa sig á tal við okkur eða leita til okkar þegar við erum í vettvangsstarfi.

Mikilvægt er að nálgast alla einstaklinga í vettvangsstarfi með hlýju og vinsemd. Við vitum aldrei af hverju unglingurinn er úti eftir liðinn útivistartíma og viljum veita öllum sem verða á okkar vegi öryggi. Brosið er þinn besti vinur í vettvangsstarfinu.